

## 30. fundur

Skipulags- og byggingarnefnd hélt fund miðvikudaginn 28. nóvember 2001 kl. 18:00 í Ráðhúsinu.

Mættir voru Gretar D. Pálsson, formaður, Pálmi Ólafsson, Þorbergur Bæringsson, slökkviliðsstjóri, Páll J. Hjaltalín, Guðmundur Kristinsson. Formaður ritaði fundargerð.

1. Bókhlöðustígur 8.  
Framlögð teikning Steinþórs Sigurðssonar að breytingum á núverandi húsi. Útlitsbreytingar samþykktar.
2. Skipulags- og byggingaskilmálar v. frístundabyggðar.  
Rætt um skipulagsmál frístundabyggðar og frístundabænda. Frekari umræður um skilmála frestað.
3. Önnur mál.
  - a) Aðalskipulagsvinna kynnt, rætt um þéttbýlisupprátt. Mörk frístundabyggðar og nýræktar rædd. Skoða þarf betur þau mörk og skilin þar á milli.
  - b) Rætt um brunavarnarúttektir vegna Smiðjustígs 1 og Reitarvegs 8-10 (Rækjunes), þeim er ekki lokið.
  - c) Nefndarmenn ræddu afgreiðslur nefndarinnar, senda þarf hlutaðeigandi aðilum formleg svör um afgreiðslur.

Fleira ekki gert.

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:50.

Gretar D. Pálsson (sign.),  
Þorbergur Bæringsson (sign.),  
Pálmi Ólafsson (sign.),  
Guðmundur Kristinsson (sign.),  
Páll Hjaltalín (sign.).

Íhs.